

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 24. ágúst 2022  
UST202103-151/H.S.J.  
08.12.02

### **Efni: Reglubundið eftirlit þann 3.12. 2021- Laxar Þorlákshöfn**

Þann 3. desember sl. fór fram eftirlit í seiðaeldisstöð Laxa í Þorlákshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt nýtt frávik kom fram er varðar:**

1. gr. 1.2 þágildandi í starfsleyfi. Rekstraraðila var heimilt að framleiða allt að 500 tonnum af laxaseiðum í stöðinni árlega. Framleidd voru 933 tonn í stöðinni á gildistíma leyfisins á árinu 2021. **Nýtt starfsleyfi sem heimilar allt að 2500 tonna lífmassa á hverjum tíma hefur tekið gildi og frávikinu er því lokað.**

Í eftirlitum árána 2019 og 2020 voru þrjú frávik skráð sem ekki hafði verið formlega lokað þegar eftirlitið fór fram. Um var að ræða frávik frá gr. 3.4 í þágildandi starfsleyfi, hvað varðaði hreinsun frárennslis, og frávik frá gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi, vegna framleiðslu umfram heimilda starfsleyfis á árunum 2019 og 2020. Nýtt starfsleyfi, sem tekur til hámarkslífmassa á hverjum tíma í stað framleiðslu, hefur tekið gildi og ákvæðum hvað varðar hreinsun frárennslis verið breytt. Frávikunum er því lokað og ekki er þörf á frekari úrbótum af hálfu rekstraraðila.

Virðingarfyllst,

Hulda Soffía Jónasdóttir  
*sérfræðingur*

Frigg Thorlacius  
*lögfræðingur*